

Fimmtudaginn 6. apríl 1995.

Nr. 38/1994.

Ásgeir S. Ásgeirsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Barri sf.

(Jón Magnússon hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti 2. mars 1994. Með bréfi stefnda 24. febrúar 1995 var þess krafist, að áfrýjanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað og hann dæmdur til að greiða sér málskostnað í þessum þætti málsins.

Rök stefnda eru þau, að bú áfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 14. nóvember 1994. Hinn 16. febrúar 1995 hafi skiptastjóri gefið út yfirlýsingu um, að þrotabúið væri talið eignalaust og tæki ekki við rekstri málsins. Séu allar líkur á, að áfrýjandi sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Þetta hafi gerst eftir þingfestingu málsins, og sé krafan um málskostnaðartryggingu fram komin, um leið og tilefni gafst. Reisir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, sbr. 20. gr. laga nr. 38/1994.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt með þeim rökum, að stefnda hafi borið að setja fram kröfu um málskostnaðartryggingu í síðasta lagi, þegar hann skilaði greinargerð til Hæstaréttar 15. desember 1994. Bú áfrýjanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu stefnda á grundvelli árangurslausrar löggjeymslu samkvæmt héraðsdómi í máli þessu, en hún fór fram 18. apríl 1994. Stefnda hafi verið kunnugt um efnahag áfrýjanda þegar við framkvæmd löggjeymslunnar.

Telja verður, að stefnda hafi verið nægilega kunnugt um efnahag áfrýjanda 18. apríl 1994 til þess að setja fram kröfu um málskostnaðartryggingu.

aðartryggingu. Er hún of seint fram komin, og ber því að hafna henni, sbr. upphafsákvæði 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Kröfu stefnda, Barrs sf., um málskostnaðartryggingu er hafnað.
